



## HAFNARFJARDARKIRKJA, yfirlit yfir breytingar og endurbætur innanhúss

### 1. Veggir.

Gert verður við málaðar skreytingar á veggjum samkvæmt leiðbeiningum og undir umsjón forvarðar. Settur verður upp nýr veggur milli gangs og snyrtิงar og innihurð færð til austurs. Fjarlægður seinni tíma veggur í vesturenda geymslu. Allir veggir kirkjunnar verða málaðir að nýju.

Flóttaleið af sönglofti verður gerð reykþétt frá framkirkju með þéttilistum og hurðarpumpu.

### 2. Gólf og stigar.

Núverandi gólfefni ásamt gólfþögn verður fjarlægt. Gólf í framkirkju, annað en undir bekkjum, ásamt gólfum í forkirkju, stigahúsi, gangi og snyrtingu, verður klætt rauðum Öland-steini. Þetta á einnig við um þrep í kórdyrum. Gólf undir bekkjum, í kór, skrúðhúsi og geymslu, á sönglofti og í afdrépi fyrir söngfólk, verður klætt nýjum plægðum gólfborðum, sem verða olíuborin. Kjallaragólf undir kór verður lækkað um 20 cm og kjallarastigi færður til austurs. Þrep og táborð í stiga upp á söngloft verða hreinsuð og olíuborin.

### 3. Loft.

Gert verður við málaðar skreytingar í hvelfingum samkvæmt leiðbeiningum og undir umsjón forvarðar. Hvelfingar og loft verða máluð að nýju.

### 4. Innréttar.

Kirkjubekkjum verður fækkað og gerður gangur eftir miðri þverálmunni, þvert á miðgang milli bekkjaraða, sem tengist inngangi í safnaðarheimili. Bil milli bekkja verður aukið lítillega frá því sem nú er. Setjálar verða breikkaðar og bólstraðar að nýju og settir í bekkina bólstraðar baksíl. Fætur undir bekkjum verða endurgerðir í upphaflegri mynd. Nýtt orgel verður sett í kirkjuna. Uppsett nýtt kaffieldhús í afdrépi fyrir söngfólk og borð með vaski í geymslu. Allt tréverk verður málað.

### 5. Lagnir og loftræsting.

Ofnar í framkirkju og kór verða lagðir niður. Í kirkjuna verður sett nýtt loftithunar- og loftræstikerfi. Er lofti blásið inn um sjó ristar í framkirkjugólfí en bakrásar loft dregið í gegnum

þjár útsogsristar sem eru í kóngólfí og framan á norðanverðum austurvegg í framkirkju. Ofnar í forkirkju og bakrýmum verða ýmist nýir eða endurnotaðir. Í gólfí framkirkju eru PEX-plastpípur í hlífðarpípum ("rör í rör") fyrir ofnakerfið en aðrar pípur í ofnakerfinu eru hefðbundnar svartar stálpípur. Settur verður gólfhitri í forkirkju.

Ný inntök fyrir kalt vatn og hitaveitu verða tekin inn í jarðhúsið og núverandi inntök, sem eru í kirkjuni, lögð niður. Nýjar ryðfírar stálpípur og PEX-pípur verða lagðar í staðinn fyrir eldri kaldavatnspípur.

Núverandi snjóbræðslukerfi, sem er án forhitara með innspýtingu beint úr hitaveituæð strax og frystir en óháð snjókomu, verður breytt í lokað frostlagarkerfi með innspýtingu sem er háð snjókomu.

Í kirkjutún verður sett upp lítil loftræstisamstæða sem dælir kældu lofti inn á söngloftið.

Í jarðhúsið verður settur dælubruninur með brunndælu og frárennslið tengt frárennslislögnum kirkjunnar.

### 6. Rafkerfi.

Alla rafagnir verða endurnýjaðar og gerðar huldar. Ljósastýribúnaður verður Instabus. Aðaltafla kirkjunnar verður í nýju jarðhúsi og verður bar tekin inn ný heimtaug. Í hana koma stofnar, ásamt ljósastýringum ljósa í kór. Ný greinitafla verður sett í tuni. Í hana koma ljósastýringar fyrir öll ljós, önnur en í kór, ásamt stýringu fyrir loftræstingu fyrir söngfólk á sönglofti.

Brunakerfi verður sett í loftstokka, hefðbundnir reykskynjarar, handboðar og bjöllur samkvæmt reglugerðum. Út- og neyðarlýsingum verður komið fyrir í kirkjuni. Sett verður upp þjófa- og aðvörunarkerfi til að verja innganga kirkjunnar.

Hljóðkerfi er byggt upp með (DSP) stjórneiningu sem allir hljóðinngangar tengjast inn á og hljóðsla verður inndregin í gólflofn.

### JARÐHÚS FYRIR TÆKNIBÚNAÐ, lýsing.

Jarðhúsið er staðsett á kirkjulóðinni austan kirkju. Það verður fellt inn í landið, þannig að ekki skyggi á ásýnd kirkjunnar. Húsið verður hulið jarðvegi og tyft yfir. Af því verður ekki annað sýnilegt en inngangur um kjailaratröppur og steinsteypt handrið við tröppur.

Jarðhúsið er steinsteypt hús og einangrað að utan. Það er 39,7 fermetrar að stærð og 101,2 rúmmetri. Í húsinu verður nýtt loftræsi- og loftithakerfi fyrir kirkjuna, einnig aðalrafmagnstafla kirkjunnar og snjóbræðsluslögind. Þá verður í húsinu geymsla fyrir garðáhöld.

Undirstöður, grunnplata, veggir og þakplata er staðsteypt. Sökklar og veggir eru yfirborðsmeð-höndlaðir með þéttimúr. Þakplata er lögð asfaldtúk með tilheyrandri frágangi og tyft yfir. Frágangur veggja við tröppur verður sá sami og er í dag á örðum veggjum á kirkjulóðinni. Kjailaratröppur eru með þrepum í niðju og skábrautum fyrir sláttuvél til hliða. Snjóbræðsla er í tröppurum. Frágangur innanhúss: Veggir og loft holufyllt og málað, gólf með ilögnum og epoxy-málað.